

Fundarstaður: TEAMS-fundur kl 13:00-14:30 á tíma samkomutakmarkanna vegna COVID-19.

Á fundinn mættu: Þórhallur Jóhannsson, Signý Ormarsdóttir, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri. Arna Björg Bjarnadóttir, kom inn og datt út vegna lélegs sambands.

Dagskrá

1. Staða verkefna
 - a. Úttekt TGJ á byggðakjarna
 - b. Samfélagssjóðurinn
 - c. Facebook, Like síða
 - d. Nýsköpunarsjóður námsmanna/Vinumálastofnun
 - e. Dagur umhverfisins 21. apríl
 - f. Heilsueflandi samfélag
 - g. Logó
2. Önnur mál

Formaður setti fund. Gengið til dagskrár.

1. Verkefnastjóri yfir stöðu verkefna

- a)** Úttekt TGJ á byggðakjarna - Páll Líndal mun koma miðvikudaginn 13. maí til að afla frekari gagna. Búið er að greina ábúendur frá því með tölvupósti (5.5.2020).
Upplýsingum frá HMS var deilt til TGJ í tengslum við umsóknir sveitarfélaga í stofnframlög vegna húsbygginga. Þar sem ákveðnar kröfur eru gerðar til stærðar og heildarkostnaðar við byggingar.
Í nafni Fljótsdalshrepps var sótt um í Brunabót – styrktarsjóð fyrir byggðakjarnaverkefnið.
- b)** Samfélagssjóðurinn – vinnustofur voru auglýstar og haldnar í tengslum við umsóknaskrif;
 - a.** Þriðjudaginn 21. apríl á Egilsstöðum sem 4 nýttu – ca. 5 umsóknir
 - b.** Miðvikudaginn 22. apríl í Végarði sem 7 nýttu – ca. 9 umsóknir
 - c.** Þriðjudaginn 28. apríl í Végarði sem 4 nýttu – ca. 3 umsóknir
 - d.** Auk þess nokkrir aðilar sem höfðu samband, sumir sendu inn umsóknir aðrir ekki.

Megin hluti vinnutímans hefur að undanfögnu tengst Samfélagssjóðnum veita upplýsingar, ráð og utan um hald umsókna.

Nokkrar umsóknir falla vel að átaksverkefnum er komu fram á samfélagsþingum og - fundum.

- c)** Facebook, Like síða – Lagður grunnur að fésbókarsíðu – Fljótsdalur – sem ekki er í dag til sem like síða. Horft til þess að geta komið á framfæri jákvæðum upplýsingum um áhugaverða staði, fyrirtæki, stofnanir, býli og um sveitarfélagið sjálft. Hægt að deila viðburðum, tilboðum, sögum og staðreyndum – bæði til íbúa sem ferðamanna. Grunnvinna við síðuna kynnt. Samþykkt að halda þessari vinnu áfram og deila áfram þegar fleiri upplýsingar eru komnar inn á hana.

- d) Nýsköpunarsjóður námsmanna – Ein hugmynd frá verkefnastjóra var gripin af dýralæknanema sem mun sækja um í sjóðinn fyrir ca 3 mánaða vinnu við verkefnið: Aukin verðmætasköpun í sauðfjárrækt á Austurlandi – Viðhorfskönnun. Umsóknafrestur rennur út 8. maí. Verkefnið fellur vel að Sóknaráætlun Austurlands og Fagrar framtíðar í Fljótssdal.

Sveitarfélög gátu í gegnum Félagsmálaráðuneytið og Vinnumálastofnun sótt um stuðning til að ráða einstaklinga í 1-3 mannmánuði nú fyrir 8. maí með úthlutin þann 12. maí. Sótt verður um 2 mannmánuði fyrir aðila til að vinna við örnafnaskráningar í sveitarfélaginu.

- e) Dagur umhverfisins 21. apríl. Stóri plokkgalurinn var auglýstur þennan dag og var send út auglýsing á Fögur framtíð í Fljótssdal og út á íbúa (tölvupóstur/heimasíða hreppsins) með hvatningu um að taka virkan þátt. Töluverð þátttaka var og myndir birtar á fésbókinni. ÞJ greindi frá jákvæðum viðbrögum íbúa og ánægju þeirra með framtakið.
- f) Heilsueflandi samfélag. Frá því í byrjun apríl hefur verkefnastjóri tekið þátt í samstarfsneti heilsueflandi samfélags á vegum Landlæknis. Í því felst þátttaka í upplýsingafundum og að fá aðgang að gögnum. Til að gerast formlegur aðili þarf sveitarfélagið að gera samning við Landlæknisembættið. Ekki liggur fyrir samþykkt um að gera slíkt en áhugi á verkefninu kom fram á samfélagsþingi og hjá fulltrúum samfélagsnefndar. Hvatt til áframhaldandi vinnu í anda verkefnisins.
- g) Lógó – Fyrirtækið Duo dot hefur skilað af sér tillögum en á síðasta fundi var lögð fram ósk um smávægilegar breytingar. Ný tillaga var kynnt á fésbókarsíðu Samfélagsnefndarinnar. Lógóin skoðuð og samþykkt að velja eftirfarandi merki:



2) Önnur mál

East.is SO kom inn á mikilvægi þess að starfmaður fái tíma til að taka virkan þátt í viðfangsefnum innan Austurbrúar og komi á framfæri upplýsingum til Fljótssdælinga eftir því sem við á hverju sinni. Í tengslum við t.d. east-síðuna væri æskilegt að yfirfara upplýsingar þar og koma á framfæri ef á vantar. Bent var á gildandi samninga Fljótssdalshrepps við tvo aðila um menningarstarf og ferðaþjónustu í Fljótssdal.

Fljótssdalshringurinn Umræður um útfærslu á Fljótssdalshringnum sem tengir alla þjónustuaðila í Fljótssdalnum saman. Ekki er vitað hver umræðan hefur verið innan Upphéraðsklasans um það né innan Austurbrúar. Áhugavert væri að fá sveitarfélagið til að kalla saman aðila er tengast áfangastaðnum og fara yfir þessi mál og með hvaða hætti hægt væri skilgreina Fljótssdalshringinn betur til markaðssetningar þar sem aðilar túlka hringinn á mismunandi vegu. Verkefnastjóra falið að koma þessu á framfæri.

Næsti fundur ekki ákveðinn en verður boðaður þegar þörf er á.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Ásdís Helga ritaði